

Erindi: Beiðni um fjárframlag vegna vinabæjarheimsóknar 10. bekkjar til Kaufering haustið 2017.

Um árabíl tóku nemendur úr 10. bekk í grunnskólum Ísafjarðarbæjar þátt í vinabæjamótum á Norðurlöndum. Fyrir tveimur árum féllu þessi mót niður og þá var gripið til þess ráðs að fara í heimsókn til vinabæjarinnar Kaufering í Þýskalandi í staðinn, enda búið að velja nemendur til þátttöku þegar ljóst varð að ekkert norrænt mót yrði haldið.

Árið eftir var engin heimsókn farin og þóttust nemendur þess árgangs illa sviknir að fá ekkert tækifæri til að taka þátt í þessari áralöngu hefð.

S.l. haust fóru sex nemendur úr 10. bekk G.Í. og einn frá Þingeyri til Kaufering ásamt tveimur umsjónarkennurum og átta þar góða daga 18.-24. september. Nemendur gistu á einkaheimilum en kennararnir á gistiheimili í Landsberg í boði Kaufering. Nemendur báru sjálfir kostnað af ferðum innanlands. Heildarkostnaður Ísafjarðarbæjar vegna heimsóknarinnar var rúmlega 935 þúsund kr. Á það skal bent að á norrænu vinabæjamótin fóru alltaf 10 nemendur en aðeins 7 nemendur fóru þessa ferð í september s.l.

Skólinn sem tók á móti hópnum í bæði skiptin hefur lýst vilja til að skiptast á heimsóknum við G.Í. annað hvert ár. Antje Bommel, tengiliður vinabæjanna, hefur þess vegna komið á sambandi milli G.Í. og Montessori-skóla í Kaufering. Kennarar þar hafa sýnt verkefninu mikinn áhuga og vilja gjarnan taka á móti hópi frá Ísafirði næsta haust en telja þó litlar líkur á að þeir geti endurgoldið heimsóknina á næsta ári. Við kennararnir sem vorum þarna á ferð í haust heimsóttum þennan skóla, fannst hann mjög áhugaverður og teljum mikinn feng að því fyrir skólann okkar að vera í samstarfi með kennurum þar.

Það er samdóma álit kennara hér að margt mæli gegn því að fara slíkar heimsóknir aðeins annað hvert ár, svo við förum þess á leit að veitt verði kr. 1.200.000.- kr. framlag til vinabæjaheimsóknar grunnskólanna haustið 2017 og vonum að gert verði ráð fyrir árlegum nemendaheimsóknum til Kaufering framvegis.

Með kveðju

Herdís M. Hübner
umsjónarkennari í 10. bekk 2016-2017